

Starfsreglur kjörnefndar SSNV

1. Skipun og hlutverk

Nefndin er skipuð af stjórn SSNV, í samræmi við gr. 4.3 í samþykktum SSNV. Skal hún vinna að undirbúningi þinga samkvæmt hlutverki sínu og starfa á þeim í samræmi við samþykktir og þingsköp SSNV og starfsreglur þessar.

Hlutverk kjörnefndar er eftirfarandi:

1. Fylgja því eftir að sveitarstjórnir kjósi fulltrúa til setu á þingum SSNV.
2. Yfirfara kjörbréf og mætingu kjörinna fulltrúa á þing hverju sinni.
3. Vekja athygli sveitarstjórna á að kosið verði til stjórnar á þingi þegar það á við.
4. Taka við og fara yfir framboð og tilnefningar sem berast til stjórnarkjörs.
5. Stilla upp tillögu að stjórn, varastjórn, endurskoðanda, fulltrúum í fastanefndir og í aðrar nefndir sem þingið kann að ákveða og leggja fyrir þing SSNV.
6. Sjá um framkvæmd kosninga á þingum komi til skriflegra kosninga.

Komi ekki fram framboð eða tilnefningar til stjórnar eða varastjórnar innan framboðsfrests sem nægi til fullskipaðrar stjórnar og varastjórnar skal kjörnefnd leita eftir framboði/samþykki þeirra sem hún telur rétt að skipa í stjórn eða varastjórn.

Kjörnefnd skal leitast við að hafa kynjahlutföll í stjórnnum, ráðum og nefndum sem jöfnust, sbr. 15. gr. laga nr. 10/2008.

Nefndin nýtur aðstoðar starfsmanna SSNV til að sinna hlutverki sínu eins og við á hverju sinni.

2. Stjórnskipan

Stjórn SSNV skal skipa formann og fjóra nefndarmenn. Nefndin skipar sér ritara. Einfaldur meirihluti nefndarmanna ræður niðurstöðu mála.

3. Endurskipun

Nefndarmenn hafa ekki varamenn og skal stjórn skipa nýjan aðalman forfallist nefndarmaður eða geti ekki sinnt starfi sínu.

4. Fundir

Formaður boðar fundi nefndarinnar. Einungis nefndarmenn eiga rétt til setu á fundum hennar. Haldin er einföld fundargerð/skrá um fundi.

5. Trúnaður

Nefndarmenn eru bundnir trúnaði um málefni er leynt skulu fara og varða SSNV eða einstaka frambjóðendur sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu sem nefndarmenn.

6. Endurskoðun starfsreglnanna

Starfsreglur þessar eru endurskoðaðar á ársþingi eftir því sem þurfa þykir. Skal nefndin beina því til stjórnar ef hún telur ástæðu til að taka reglurnar til endurskoðunar.